

## GJALDSKRÁ

### fyrir kalt vatn á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

#### 1. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Heimilt er að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

<i>Svæði</i>	<i>Fastagjald kr./matseining/ár</i>	<i>Fermetragjald kr./m<sup>2</sup>/ár</i>
Reykjavík og Akranes	5.370	208,42
Álfanes	7.816	303,31
Stykkishólmur	7.004	271,78
Grundarfjörður	7.855	345,76
Borgarbyggð og Úthlíð	8.918	392,56

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamat. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í nóvember 2023 og uppfærast skv. henni í nóvember ár hvert.

Árleg vatnsgjöld mannvirkja í sumarhúsabyggingum skulu að lágmarki vera 41.901 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

#### 2. gr.

##### *Notkunargjald vatns.*

Notkunargjald er 44,70 kr./m<sup>3</sup> og gjald fyrir byggingavatn er 206,44 kr./dag.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Fast gjald kr./dag</i>	<i>Fast gjald fyrir brunna<sup>1</sup> kr./dag</i>
15 mm	53,22	177,61
20 mm	54,16	178,55
25 mm	69,74	194,11
32 mm	78,15	202,53
40 mm	94,03	218,44
50 mm	114,99	239,43
65 mm	155,12	279,23
80 mm	300,97	425,63
≥ 100 mm	316,41	441,16

<sup>1</sup> Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

#### 3. gr.

##### *Tengigjöld.*

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Orkuveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem Orkuveitan hefur samþykkt.

<i>Dvermál inntaks:</i>	<i>32 mm</i>	<i>40 mm</i>	<i>50 mm</i>	<i>63 mm</i>	<i>75 mm</i>	<i>90 mm</i>	<i>110 mm</i>
Tengi- gjald kr.:	350.513	500.909	715.842	1.036.126	1.369.508	1.833.386	2.527.525

Tengigjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá Orkuveitunni.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af tengigjaldi viðkomandi málstærðar.

Byggingavatn og brunnar:

<i>Byggingavatn til og með 50 mm</i>	<i>kr.</i>
Uppsettur byggingavatskrani <sup>1</sup>	114.050
Aftenging byggingavatskrana, yfirborð ófrágengið	99.036
Aftenging byggingavatskrana, yfirborð malbik eða steypa	261.791
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu <sup>2</sup>	86.888

<sup>1</sup> Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

<sup>2</sup> Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig tengigjald í samræmi við umsóttu stærð.

Tengigjöld fyrir frístundahús:

<i>Staðsetning</i>	<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
Heimæð löggð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	1.016.726
Heimæð löggð í sama skurð og samtímis heitavatsheimæð OR	25 mm	730.190

Þessi verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbot.

Önnur tengipjónusta:

<i>Önnur tengipjónusta</i>	<i>kr.</i>
Lágmarksgjald fyrir breytingu/færslu heimæða	75.532

Heimilt er að falla frá þessu gjaldi þar sem komið er að endurnýjun lagna.

4. gr.

*Lagaheimild og gildistaka.*

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísitölu fyrir nóvember 2023 og uppfærast á 3ja mánaða fresti. Að undanskildu gjaldi vegna annarrar tengipjónustu sem miðast við vísitölu neysluverðs fyrir október og uppfærast árlega.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1521/2022.

*Reykjavík, 12. desember 2023.*

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf.,

**Sólrún Kristjánsdóttir** framkvæmdastýra Veitna.